

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 - Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

22259001

2023-02-06

003

Viðbrögð við athugasemdum við matsáætlun SGGI um framleiðslu á metangasi.

Sæll Sigurður

Hér meðfylgjandi er tafla þar sem fram koma þær athugasemdir sem við teljum eiga við matsáætlunina og svör framkvæmdaaðila við þeim.

Virðingarfyllst, f.h. Verkís hf.

Arnór P. Sigfússon



Vinnueftirlitið	
Athugasemdir Vinnueftirlitið hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina fyrir sitt leiti á þessu stigi, en minnir á að við hönnun, framkvæmdir og vinnslu í verksmiðjunni þarf að taka tillit til laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Um starfsemina eða hluta hennar gilda jafnframt eftirfarandi reglugerðir sem heyra undir stofnunina og taka þarf tillit til: nr. 581/1995 um Húsnæði vinnustaða, nr. 1005/2009 um Vélar og tæknilegan búnað, nr. 553/2004 um Verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, nr. 390/2009 um Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, nr. 1077/2010 um Flutning á hættulegum farmi á landi, nr. 727/2018 um Tæki sem brenna gasi, ef gas verður notað, nr. 1050/2017 um Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, meta þarf hvort magn hráefna sem geymt er geri að verkum að starfsemin falli undir þessa reglugerð.	Svör framkvæmdaaðila Tekið verður tillit til upptalinnar reglugerða við hönnun, framkvæmdir og öryggi. Einnig verður skoðað sérstaklega og fjallað um í umhverfismatsskýrslu hvort starfsemi falli undir Stórslysareglugerð
Vinnueftirlitið tekur fram að verja þarf starfsmenn fyrir skaðlegum áhrifum hættulegra efna, ef þau eru til staðar. Fylgjast þarf með magni efna í vinnuumhverfinu og tryggja að styrkur sé innan marka sem getið er í reglugerðum nr. 390/2009 og reglum nr. 429/1995.	HS Orka vaktar loftgæði á svæðinu. Um þetta verður náðar fjallað í umhverfismatsskýrslu.